

# Skýrsla stjórnar til hluthafa Skeljungur hf.

Lagt fram á aðalfundi félagsins  
þann 20. mars 2018

## Framkvæmd starfskjarastefnu 2017

### Skeljungur hf.

Árið 2015 var innleitt bónuskerfi fyrir framkvæmdastjórn Skeljungur á Íslandi sem byggði á þeirri grundvallarhugsun að stjórnendur fengju 17% hlutdeild í þeim fjárhagslega árangri sem færi umfram áætlanir eigenda félagsins. Kerfið var sett til þriggja ára þ.e. fyrir árin 2015 til 2017 og var stórum hluta af bónusgreiðslum frestað til enda tímabilsins sem gert er upp í febrúar 2018.

Árangursviðmið voru ákveðin fyrirfram fyrir öll þrjú árin. Mælikvarðiinn sem lagður var til grundvallar árangri kallast raunhagnaður og var skilgreindur sem rekstrarhagnaður (EBIT) að frádrögnum 12% fjármagnskostnaði af bundnu fjármagni í rekstrinum. Einnig var tekið tilliti til ákveðinna leiðréttinga s.s. vegna reksturs fasteignafélags. Við útreikningu bónusgreiðslna var einnig litið til annarra atriða s.s. frammistöðumats hvers og eins stjórnanda.

Reiknaður bónus vegna ársins 2017 var 53,4 m.kr. Innstæða á geymslureikningi vegna fyrri ára var 82 m.kr. í upphafi árs og lækkaði sú tala um 4,3 m.kr. vegna tengingar við hlutabréfaverð. Þar sem 2017 er síðasta árið í bónuskerfinu er greiðslum vegna 2017 ekki frestað og innstæða á geymslureikningi vegna fyrri ára gerð upp, þó þannig að 10% af greiðslum umfram 5 mánaðarlaun og 50% af greiðslum umfram 7 mánaðarlaun er frestað í samræmi við reglur bónuskerfisins.

Heildarlaun stjórnar, formanns endurskoðunarnefndar, forstjóra og sex framkvæmdastjóra árinu 2017 námu samtals 308,3m (202,3m 2016). Á árinu 2017 urðu forstjóraskipti og einnig breyting í framkvæmdastjórn félagsins.

Á árinu 2017 var eftirfarandi breyting samþykkt á starfskjarastefnu félagsins:

*„Greinargerð með starfskjarastefnu 2017:*

Stjórn Skeljungur leggur til ákveðnar breytingar frá starfskjarastefnu 2016. Í breytingunum felast þó engar efnislegar breytingar frá framkvæmd starfskjarastefnunnar.

Bætt er inn texta um varastjórnarmenn og undirnefndir í 2. gr., um starfskjör stjórnarmanna, auk þess sem bætt er við texta um þá takmörkun sem gildir um tengingu kjara stjórnarmanna við hlutabréf í félaginu, lögum samkvæmt. Þá kemur inn nýtt ákvæði í 3. gr. um starfskjör nefndarmanna.

Nýtt ákvæði er sett fram í 6. gr. um tryggingar og skaðleysi til handa stjórn og framkvæmdastjórn. Slíkar tryggingar eru alþekktar og hafa ákvæði þessa efnis verið að færast í auknum mæli inn í starfskjarastefnur fyrirtækja.

Gerð er sú breyting á 7. gr., sem fjallar um kaupauka, að textinn er færður úr því að tengjast því kaupaukakerfi sem er í gildi og tekur enda í lok árs, yfir í að vera almennur og geta þannig staðið óbreyttur þótt gildandi kaupaukakerfi líði undir lok og nýtt kerfi taki við.“

Samkvæmt 4. gr. samþykkt félagsins var stjórn þess heimilt að hækka hlutfé félagsins með áskrift nýrra hluta um allt að kr. 81.107.826,- (áttatíu og ein milljón eitthundrað og sjöþúsund áttahundrað tuttugu og sex krónur) að nafnvirði, en þó þannig að hlutfé yrði ekki hækkað um meira en 3% m.v. nafnvirði, til þess að efna



skuldbindingar gagnvart starfsmönnum Skeljungs hf. og dótturfélaga þess vegna kaupréttar-, kaup- og/eða áskriftarsamninga við starfsmenn, til samræmis við starfskjarastefnu Skeljungs. Hluthafar höfuð fallið frá forgangsrétti sínum að aukningarhlutum vegna hækkunar samkvæmt heimildinni. Heimildin til hlutafjárhækkunarinnar skyldi standa til 1. september 2019.

Hendrik Egholm, forstjóri Skeljungs, og Johnni Poulsen, fjármálastjóri Magn P/F, nýttu sér kauprétt sinn til þess að kaupa 26.244.863 hluti á genginu 2,82345 þann 31. október 2017. Fjallað var um kaupréttarsamningana í skráningarlýsingu félagsins, kafla 1.3.9. Eftir nýtingu kaupréttarins var fjárhæðin í samþykktunum færð niður til samræmis.

Meðfylgjandi eru laun og hlunnindi stjórnar, formanns endurskoðunarnefndar, forstjóra og framkvæmdastjóra fyrir árin 2016 og 2017.

	2016	2017
Hendrik Egholm		13.240.638
Valgeir Baldursson	48.246.835	94.550.794
Ingunn Elín Sveinsdóttir	31.983.314	33.408.372
Ingunn Agnes Kro	22.597.553	33.794.356
Már Erlingsson	34.163.010	35.989.787
Sigurður Orri Jónsson	30.861.547	33.890.788
Benedikt Ólafsson	30.725.611	35.318.600
Þórður Guðjónsson		3.890.000

	2016	2017
Jón Diðrik Jónsson	6.480.000	6.690.000
Birna Ósk Einarsdóttir	3.330.000	3.930.000
Jens M. Rasmussen	3.000.000	3.600.000
Katrín H. Hallgrímsdóttir	1.430.000	
Trausti Jónsson	3.810.000	5.580.000
Gunn Ellefsen	2.060.000	3.270.000
Helena Hilmarsdóttir	1.200.000	1.200.000
Benedikt Ólafsson	482.138	

Ingunn Agnes Kro var í fæðingarorlofi til mars 2016  
 Benedikt Ólafsson hóf störf sem fjármálastjóri í febrúar 2016  
 Þórður Guðjónsson hóf störf sem framkvæmdastjóri í nóvember 2017  
 Hendrik Egholm hóf störf sem forstjóri í október 2017

## Magn P/F

Hjá Magn P/F er í gildi bónuskerfi fyrir framkvæmdastjóra og fjármálastjóra sem miðast við EBIDTA niðurstöðu félagsins umfram tiltekna áætlun. Greiddur bónus vegna ársins 2017 er DKK 1.384.778 (DKK 1.171.000 árið 2016).

Stjórnarlaun hjá Magn P/F voru DKK 30.000 á mánuði fyrir stjórnarformann en DKK 7.500 fyrir aðra stjórnarmenn. Þá fengu varamenn greiddar 7.500 fyrir hvern setinn fund. Í stjórn og varastjórn sitja sömu aðilar og í aðalstjórn Skeljungs.

Heildarlaun stjórnar, forstjóra og fjármálastjóra Magns P/F námu samtals DKK 5,3m á árinu 2017.

Meðfylgjandi eru laun og hlunnindi stjórnar, forstjóra og fjármálastjóra fyrir 2016 og 2017.

(í DKK)	2016	2017
Hendrik Egholm	2.770.380	2.630.096
Johnni Poulsen	1.865.315	2.028.135

(í DKK)	2016	2017
Jón Diðrik Jónsson	128.000	90.000
Jens M. Rasmussen	360.000	360.000
Gunn Ellefsen	60.000	90.000
Trausti Jónsson	0	37.500
Birna Ósk Einarsdóttir	0	37.500
Christian Nagata	60.000	0

